



Ársskýrsla Sameinaða Lífeyrissjóðsins 2008



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnar og framkvæmdastjóra	4
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	6
Lífeyrisgreiðslur	6
lögjöld	6
Rekstur og rekstrarkostnaður	7
Fjármunatekjur og ávöxtun	7
Tryggingafræðileg athugun	7
Efnahagur og verðbréfaeign	8
<i>Eignasamsetning 31.12. 2008</i>	8
Fjárfestingar	9
<i>Yfirlit um erlenda verðbréfaeign – skráð í erlendri mynt</i>	10
<i>Yfirlit um hlutabréfaeign – skráð í íslenskum krónum</i>	10
<i>Fjárfestingarstefna sjóðsins á árinu 2008 og rauntölur 31.12. 2008</i>	11
Séreignardeild	11
Lán til sjóðfélaga	12
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins	13
Starfsfólk Sameinaða lífeyrissjóðsins	13
Ársreikningur 2008	14
Skýrsla stjórnar	15
Áritun endurskoðenda	16
Áritun tryggingastærðfræðings	17
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	18
Efnahagsreikningur	19
Sjóðstreymi	20
Skýringar	21
Kennitölur	27
Ársreikningur deilda	28
Annual Accounts 2008	32

Ávarp stjórnar og framkvæmdastjóra

Árið 2008 er án efa eitt erfiðasta ár sem íslenskt efnahagslíf hefur gengið í gegnum á seinni tímum. Á árinu 2007 tók áralöng uppsveifla bæði hér heima og erlendis að renna sitt skeið á enda þegar aðgangur að lánsfé á alþjóðlegum lánamörkuðum fór að þrengjast. Við þær aðstæður upphófst sársaukafull aðlögun íslenska þjóðarbúsins að nýjum aðstæðum vegna alþjóðavæðingar banka- og hagkerfisins og mikillar skuldsetningar þjóðarinnar. Hin alþjóðlega fjármálakreppa leiddi svo til hruns bankakerfisins hér heima á haustmánuðum 2008 með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir íslenskt efnahagslíf.

Afkoma Sameinaða lífeyrissjóðsins á árinu 2008 markast mjög af áföllum á fjármálamörkuðum, afleiðingum af falli viðskiptabankanna og mikilli gengislækkun verðbréfa hér á landi og erlendis. Þrátt fyrir að markvisst hafi verið unnið að því hjá sjóðnum að draga úr vægi innlendra og erlendra hlutabréfa á árinu og auka vægi innlendra skuldabréfa og innlána rýrnaði eignasafn sjóðsins við þessar óvenjulegu aðstæður og var í árslok 90,5 milljarðar króna á móti 96,6 milljörðum króna árið áður.

Við fall bankanna urðu hlutabréf og víkjandi skuldabréf þeirra verðlaus og vegna þeirrar ákvörðunar stjórnvalda að setja innlán framur öðrum kröfum, ríkir mikil óvissa um verðmæti annarra skuldabréfa sem bankarnir gáfu út og eru í eigu sjóðsins. Þá ríkir einnig mikil óvissa um verðmæti skuldabréfa annarra innlendra fyrirtækja sem sjóðurinn hefur fjárfest í og skráð eru í Kauphöll Íslands. Vegna þessa voru rúmír 8 milljarðar króna færðir á varúðarafskriftarreikning í tryggingadeild og séreignardeild, sem rýrir eignir sjóðsins í sama mæli. Þá hefur ekki náðst samkomulag við skilanefndir þrotabúa gömlu bankanna um uppgjör á framvirkum gjaldeyrissamningum en í ársreikningi eru færðir til skuldar 2,83 milljarðar króna vegna samninganna. Það miðast við uppgjör á gengi krónunnar eins og það stóð við fall viðskiptabankanna og skuldajöfnun þeirra bankaskuldabréfa sem sjóðurinn getur notað á móti þessum kröfum.

Rekstur Sameinaða lífeyrissjóðsins hefur gengið vel undanfarin ár og naut sjóðurinn þeirrar uppsveiflu sem varð á fjármálamörkuðum á árunum 2003 og 2007. Árið 2008 var hins vegar erfiðasta ár í sögu sjóðsins og var nafnávöxtun eigna neikvæð um 9,8%, sem jafngildir neikvæðri raunávöxtun upp á 22,5% þegar tekið hefur verið tillit til verðbólgu ársins.

Árleg raunávöxtun sjóðsins frá stofnun hans árið 1992 hefur verið að meðaltali 3,8% en sjóðurinn þarf 3,5% raunávöxtun til að standa við skuldbindingar sínar til lengri tíma, miðað við að ekki verði breyting á tryggingafræðilegum þáttum eins og lífslíkum.

Í desember 2008 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sem höfðu það að markmiði að bregðast við breyttum aðstæðum vegna hruns hlutabréfamarkaðarinnar á Íslandi og þeim áföllum sem sjóðirnir hafa orðið fyrir. Meðal annars var munur á milli eigna og skuldbindinga á árinu 2008 hækkaður úr 10% í 15% án þess að skylt sé að skerða lífeyri. Fjárfestingarheimildir sjóðanna voru rýmkaðar, m.a. vegna fárra fjárfestingarkosta á innlendum hlutabréfamarkaði. Þá var sjóðunum veitt heimild til þess að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum til 31. desember 2013 m.a. vegna hugmynda um að lífeyrissjóðirnir settu upp sérstakan sjóð til að fjárfesta í atvinnulífi á Íslandi.

Iðgjöld til sjóðsins að meðtöldum séreignarsparnaði námu 5.926 millj. kr. sem er 15,4% aukning frá árinu áður. Hækkunin er bæði tilkomin vegna fjölgunar sjóðfélaga en þó aðallega vegna launahækkana sjóðfélaga á fyrri hluta ársins 2008. Reiknað er með að verulega dragi úr iðgjaldagreiðslum til sjóðsins á árinu 2009 vegna samdráttar í efnahagslífinu.

Lífeyrisgreiðslur námu 2.710 millj. kr. sem er 16,6% aukning frá árinu áður. Hækkun á milli ára er fyrst og fremst tilkomin vegna hækkunar verðlags en allur lífeyrir sjóðsins er verðtryggður og hækkaði hann um 16,4% á árinu 2008 vegna hækkunar á vísitölu neysluverðs.

Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins samþykkti í nóvember að taka upp leiðbeinandi vinnureglur sem samdar voru af vinnuhópi á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða með tilliti til þeirra sjóðfélaga sem lenda í greiðsluvanda vegna efnahagsástandsins og eru með sjóðfélagalán hjá sjóðnum.

Í nóvember stóð stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins fyrir fjölmönnum kynningarfundum fyrir sjóðfélaga þar sem farið var yfir rekstur og afkomu sjóðsins auk þeirra aðgerða sem gripið hafði verið til. Hrafn Magnússon framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða fjallaði um áhrif fjármálakreppunnar á rekstur lífeyrissjóða í landinu.



Undirritað var samkomulag milli lífeyrissjóðsins og sjúkrasjóða flestra þeirra stéttarfélaganna sem aðild eiga að sjóðnum um samstarf um þjónustu við þá sjóðfélaga sem falla út af vinnumarkaði í kjölfar slysa eða af völdum sjúkdóma. Með stofnun Starfsendurhæfingarsjóðs á árinu er þessu starfi mörkuð skýr framtíð og fjármagn til þessa þarfa verkefnis er tryggt. Það er hagur allra hagsmunaaðila að ná árangri í starfsendurhæfingu. Ávinningur þeirra einstaklinga sem ná aftur út á vinnumarkaði í kjölfar alvarlegra veikinda eða slysa er þó sýnu mestur.





Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun voru heildarskuldbindingar sjóðsins 13% umfram eignir í lok árs. Í ljósi þess og þar sem innlendir og erlendir fjármálamarkaðir hafa haldið áfram að lækka á nýju ári hefur stjórn sjóðsins ákveðið í samráði við tryggingastærðfræðing hans að leggja fram tillögu um 10% lækkun áunninna lífeyrisréttinda og á móta lækkun réttindaávinnslu greiðandi sjóðfélaga fyrir ársfund

sjóðsins, þann 27. maí nk. Með tillögunni er leitast við að dreifa lækkuninni með sem sanngjörnum hætti meðal allra sjóðfélaga, jafnt greiðandi sjóðfélaga sem lífeyrisþega. Verði tillaga stjórnar samþykkt á ársfundinum mun hún leiða til þess að heildarstaða sjóðsins batnar um tæplega 9 prósentustig og verður þá neikvæð um 4,2%, miðað við stöðuna í árslok.

Framundan er það verkefni að efla sjóðinn að nýju. Stjórn og starfsmenn munu leggja allt kapp á að breyta þeirri stöðu sem sjóðurinn er í og mun verða lagður grunnur að því á árinu 2009. Viðbúð er að það muni taka nokkur ár og ráðast af því efnahagsumhverfi sem sjóðurinn mun búa við bæði hér á landi og erlendis.

Stjórn og framkvæmdastjóri þakka starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins fyrir ánægjulegt samstarf á árinu 2008 og vænta áframhaldandi góðs samstarfs.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra




LÍFEYRISGREIÐSLUR

Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar sjóðsins á árinu 2008 námu 2.604 millj. kr. og hækkuðu um 17,2% frá árinu áður. Annars vegar skýrist hækkunin af 16,4% hækkun á visitölu neysliverðs til verðtryggingar en frá stofnun sjóðsins hafa lífeyrisgreiðslur fylgt breytingum á visitölunni. Hins vegar skýrist hækkunin af fjölgun lífeyrisþega. Skipting lífeyrisþeganna er þannig að í árslok 2008 fengu 2.670 greiddan ellilífeyri, 1.096 fengu greiddan makalífeyri og 718 fengu greiddan örorkulífeyri. Greiddur var barnalífeyrir vegna 211 barna. Meðalaldur ellilífeyrisþega í árslok 2008 var 75,1 ár. Meðalaldur örorkulífeyrisþega var 54,4 ár. Yngsti örorkulífeyrisþeginn var 25 ára. Meðalaldur makalífeyrisþega var í árslok 74,4 ár.

IÐGJÖLD

Bókfærðar iðgjaldatekjur í tryggingadeild árið 2008 námu 5.519,9 millj. kr. á móti 4.928,3 millj. kr. árið 2007 og hækkuðu um 12%. Iðgjaldatekjur á árinu 2007 eru fyrir þáverandi grunndeildir, stigadeild og aldurstengda deild, en þær voru sameinaðar í tryggingadeild með samþykktarbreytingu sem tók gildi 1. janúar 2008. Á árinu 2008 greiddu 12.213 sjóðfélagar til tryggingadeildar sjóðsins á móti 12.077 árið áður. Í árslok áttu 37.088 sjóðfélagar sem ekki eru farnir að fá greiddan lífeyri réttindi í tryggingadeild. Meðalaldur virkra sjóðfélaga í tryggingadeild sem ekki eru farnir að taka lífeyri er 41,3 ár.



REKSTUR OG REKSTRARKOSTNAÐUR

Rekstrarkostnaður sjóðsins skiptist í fjárfestingargjöld, sem er kostnaður við ávöxtun sjóðsins, og rekstrarkostnað, sem stafar af öðrum rekstri. Samtals nam þessi kostnaður 238,4 millj. kr. á móti 237,3 millj. kr. árið áður sem er hækkun um 0,4% milli ára. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs til verðtryggingar um 16,4%.

FJÁRMUNATEKJUR OG ÁVÖXTUN


Fjárfestingartekjur sjóðsins voru neikvæðar um 9.076 millj. kr. en voru jákvæðar um 5.623,4 millj. kr. árið áður. Hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun þar sem rekstrar- og fjárfestingargjöld eru dregin frá fjármunatekjum, var -22,5% á móti 0,0% árið áður. Raunávöxtun innlendra skuldabréfa sjóðsins var neikvæð um 9,0% á móti því að vera jákvæð um 3,5% árið áður. Þessi neikvæða ávöxtun innlendra skuldabréfa er tilkomin vegna varúðarniðurfærslu upp á 7.761 milljón króna þar sem óvissa ríkir um verðmæti bréfanna. Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands lækkaði um 94,4% á árinu 2008. Á sama tíma lækkuðu innlend skráð hlutabréf sjóðsins í Kauphöll Íslands um 68,8%. Ávöxtun erlendra hlutabréfa sjóðsins án gengisvarna var 17,1% á árinu í íslenskum krónum.

Til samanburðar hækkaði heimsvísitala hlutabréfa MSCI um 15,6% í íslenskum krónum en lækkaði um 42,1% mælt í dollar. Gerðir voru samningar á árinu til þess að draga úr misvægi í gjaldeyrissamsetningu erlendra verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengi íslensku krónunnar og draga úr gjaldeyrissáhattu sjóðsins. Íslenska krónan veiktist um 80,3% gagnvart erlendum myntum á árinu og því var neikvæð staða af þessum samningum upp á 9.773 millj. króna. Að teknu tilliti til gengisvarna var ávöxtun erlendra verðbréfa neikvæð um 18,3% á árinu. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins frá stofnun er 3,8%.

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN


Tryggingafræðileg athugun sýnir að áfallin skuldbinding tryggingadeildar er 112.939 millj. kr. í árslok 2008. Eignir á móti áfallinni skuldbindingu námu 89.990 millj. kr. og eru því áfallnar skuldbindingar umfram eignir 22.948 millj. kr., sem eru -20,3% í hlutfalli af skuldbindingu. Heildarskuldbinding deildarinnar með framtíðariðgjöldum er 200.074 millj. kr. Hrein eign grunndeilda til tryggingafræðilegs mats er 174.006 millj. kr. Heildarskuldbindingar umfram eignir eru því 26.068 millj. kr. eða -13% í hlutfalli af skuldbindingum.

Skuldbindingar og eign 2004-2006 - stigadeild




■ Hlutfall hreinnar eignar umfram heildarskuldbindingu
 ■ Hlutfall hreinnar eignar umfram áfalna skuldbindingu

Skuldbindingar og eign 2004-2006 - aldurstengd deild




■ Hlutfall hreinnar eignar umfram heildarskuldbindingu
 ■ Hlutfall hreinnar eignar umfram áfalna skuldbindingu

Skuldbindingar og eign 2007-2008 - tryggingadeild




■ Hlutfall hreinnar eignar umfram heildarskuldbindingu
 ■ Hlutfall hreinnar eignar umfram áfalna skuldbindingu

Hrein eign umfram heildarskuldbindingu



■ Hrein eign umfram heildarskuldbindingu á verðlagi hvers árs
 ■ Mismunur á verðlagi hvers árs og verðlagi 2008

Hrein eign til greiðslu lífeyris




■ Á verðlagi í lok hvers árs
 ■ Mismunur á verðlagi hvers árs og verðlagi 2008

EFNAHAGUR OG VERÐBRÉFAEIGN

Hrein eign tryggingadeildar til greiðslu lífeyris í árslok nam 86.957 millj. kr. samanborið við 93.351 millj. kr. í árslok 2007 og lækkaði um 6.394 millj. kr. eða um 6,8%. Innlend skuldabréf námu rúmlega 57% verðbréfaeignar, innlend hlutabréf 3,3%, erlend verðbréf 31,8% og innlán 7,6%.

Hlutabréfaeign er færð á markaðsvirði en skuldabréf sjóðsins eru færð til eignar miðað við kaupávöxtunarkröfu.

Eignasamsetning 31.12. 2008




FJÁRFESTINGAR

Í tryggingadeild var á árinu fjárfest í verðbréfum fyrir 42.539 millj. kr. Mest var keypt af innlendum skuldabréfum sem skráð eru í kauphöll þar með talin skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs og sveitarfélaga. Keypt voru innlend skráð skuldabréf fyrir 7.303 millj. kr. umfram seld á árinu auk þess sem innlán jukust um 5.641 millj. kr. Aukning fasteignaveðlana nam 2.211 millj. kr. á árinu. Dregið var úr vægi innlendra og erlendra hlutabréfa á árinu og voru hlutabréf seld fyrir 8.120 millj. kr. umfram keypt. Við fall bankanna urðu hlutabréf og vikjandi skuldabréf þeirra verðlaus og mikil óvissa er enn um verðmæti þeirra skuldabréfa sem þeir gáfu út og eru í eigu sjóðsins. Seld erlend skuldabréf á árinu voru 950 millj. kr. umfram keypt.

Innlendri hlutabréfaeign sjóðsins var stýrt af sjóðnum sjálfum og innlendum eignastýringaraðilum. Erlend hlutabréfaeign sjóðsins var ávöxtuð í verðbréfasjóðum erlendra sjóðafyrirtækja og einu sérgreindu hlutabréfasafni. Sjóðurinn fjárfestir því ekki sjálfur beint í einstökum erlendum hlutabréfum. Hlutverk starfsmanna sjóðsins er að velja bestu eignastýringarfyrirtækin og bera árangur þeirra reglulega saman.

Á árinu var unnið markvisst að því að draga úr áhættu sjóðsins með sölu innlendra og erlendra hlutabréfa. Fyrir söluandvirðið voru keypt innlend skuldabréf auk þess sem innlán í lánastofnunum voru aukin.

Í lok ágúst var framkvæmt áfallapróf á sjóðnum og sjást niðurstöður á eftirfarandi mynd.



Sjóðurinn skuldbatt sig á árinu um USD 20 millj., EUR 15 millj. og ISK 4 millj. til fjárfestinga í framtakssjóðum (Private Equity) og verða þær innkallaðar í takt við fjárfestingar sjóðanna á næstu árum. Á árinu 2008 voru innkallaðar USD 12,2 millj., EUR 9,2 millj., GBP 0,9 millj. og ISK 27,6 millj. til fjárfestinga í framtakssjóðum.

Gerðir voru gjaldeyrissamningar til að draga úr erlendra gjaldeyrissárhættu sjóðsins og jafna sveiflur í ávöxtun. Vegna gengishruns íslensku krónunnar varð neikvæð staða af þessum samningum upp á 9.773 millj. króna. Óvissa er um uppgjör gjaldeyrissamninga sem í gildi voru við fall bankanna. Neikvæð staða var á flestum þessara samninga og hefur sjóðurinn gert bönkunum tilboð um að samningarnir verði gerðir upp á gengi sem miðast við gengisvísitölu 175. Sjóðurinn gerir ráð fyrir í uppgjöri sínu að nota þau bankaskuldabréf sem hann á til skuldajöfnunar á móti þeim kröfum sem bankarnir eiga á sjóðinn vegna gjaldmiðlasamninganna. Þegar tekið hefur verið tillit til þessa þá er skuld vegna samninganna upp á 2.830 millj. króna.

Eins og myndin sýnir var dregið verulega úr líkum á réttindaskerðingu með breytingum á eignasamsetningu frá áramótum til loka ágústmánaðar. Samkvæmt eignasamsetningu sjóðsins voru minni en 5% líkur á að lækka þyrfti réttindi næstu 10 árin. Jafnframt mátti búast við að sjóðurinn gæti aukið réttindi um 14% á sama tímabili. Við fall bankanna breyttust forsendur hins vegar algerlega og staðan í lok árs 2008 var því allt önnur en búist var við í lok ágúst.

Sjóðurinn varð aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar á árinu 2007 eða um ári eftir að reglurnar voru gefnar út. Með reglunum er lögd áhersla á að hagsmunir fjárfesta og þjóðfélagsleg markmið fari vel saman og í þeim er fjallað um hvernig áhersla á umhverfisleg og félagsleg málefni auk góðra stjórnarháttanna fyrirtækja getur stuðlað að bættum fjárfestingarárangri verðbréfasafna. Í samræmi við aðgerðaáætlun sjóðsins hafa fjárvörslufyrirtæki sem sjóðurinn á viðskipti við verið upplýst um aðild hans að reglunum og aðild þeirra og afstaða könnuð.

Yfirlit um erlenda verðbréfaeign – skráð í erlendri mynt

Opnir hlutabréfasjóðir – fjárvörsluaðilar	Millj. kr.
State Street	3.860
Janus	3.044
Schroder	2.528
Gartmore	2.000
Morgan Stanley – sérgreint safn	1.890
Alliance Bernstein	1.655
Franklin Templeton	1.429
Kaupping Investment Funds	1.381
Vanguard Group	502
Sparinvest	300
Carnegie Stockholm	276
Aðrir	36
Samtals	18.900

Framtakssjóðir (Private Equity) í erl. mynt	Millj. kr.
Schroder Private Equity Fund of Funds, II og III	1.529
Blackrock – Vesey Street Private Equity Fund of Funds III	907
Partners Group Global Value 2006 Fund of Funds	756
LGT – Crown Private Equity Euro Buyout Fund of Funds	648
Morgan Stanley Global Distressed Fund of Funds	506
GLB Glacier Renewable Energy Fund	438
Landsbanki Mezzanine Fund II	404
SVG Diamond Private Equity III Fund of Funds	311
Morgan Stanley Emerging Private Markets Fund of Funds	186
Morgan Stanley Private Markets Fund IV	171
Partners Group Secondary Fund of Funds 2008	132
Private Opportunity Ventures, Bear Sterns	54
Riverside Management Group	51
SVG Asia Fund of Funds	47
Kaupthing Capital Partners II	32
Arctic Ventures	7
Argnor	2
Samtals framtakssjóðir í erl. mynt	6.180

Vogunarsjóðir (Hedge Funds) í erl. mynt	Millj. kr.
Morgan Stanley – Premium Partners II	484
LGT – Crown Alpha	306
FX sjóður Kaupþing	70
ANSUZ Investment	45
Samtals vogunarsjóðir í erl. mynt	905

Fasteignasjóðir (Real Estate) í erl. mynt	Millj. kr.
Alþjóða fasteignasjóðurinn	157

Samtals fjárfestingarsjóðir í erlendri mynt	7.241
--	--------------

Skuldabréf í erl. mynt	Millj. kr.
Erlend skuldabréf	1.248
Höfuðstólstryggð skuldabréf tengd erl. hlutabréfavitölum	1.188
Önnur hlutabréfatengd skuldabréf	4
Samtals skuldabréf í erlendri mynt	2.439

Bankainnstæður í erl. mynt	1.580
----------------------------	-------

Alls verðbréf og bankainnstæður í erl. mynt	30.160
--	---------------

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum State Street og Vanguard eru að mestu leyti í vísitölusjóðum. Að öðru leyti er um virka stýringu verðbréfa að ræða. Hjá lokuðum sjóðum eins og framtaks- og fasteignasjóðum þarf heimild eigenda þeirra til að auka móttækið fé til ávöxtunar. Hjá opnum sjóði þarf ekki slíkt leyfi heldur eru gefin út ný hlutdeildarskírteini við hverja innborgun án sérstaks samþykkis. Einnig ríkir innlausnarskylda á opnum sjóði sem ekki er til staðar í lokuðum sjóði. Hlutabréfatengd skuldabréf eru höfuðstólstryggð og eru tengd erlendum hlutabréfavitölum.

Yfirlit um hlutabréfaeign – skráð í íslenskum krónum

Skráð hlutabréf – Kauphöll Íslands	Markaðsverð í millj. kr.
Marel	1.100
Össur	775
Straumur – Burðarás Fjárfestingarbanki	213
Alfesca	158
Föroyja Bank	140
Century Aluminum Company	99
Teymi	89
Bakkavör	47
SPRON	14
Flaga Group	9
Atorka	6
Exista	4
Samtals skráð hlutabréf	2.653

Óskráð hlutabréf	Markaðsverð í millj. kr.
BYR Sparisjóður (stofnfjárbref)	141
Virðing	88
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaeign	44
Eignarhaldsfélag Sameinaða lífeyrissjóðsins	40
Reiknistofa lífeyrissjóða	30
Önnur óskráð hlutabréf	5
Samtals óskráð hlutabréf	348

Framtakssjóðir í ísl. kr.	Millj. kr.
Brú II Venture Capital Fund	157
BVC International Fund	121
Auður I	7
Samtals opnir erl. sjóðir í ísl. kr.	285

Höfuðstólstryggð skuldabréf í ísl. kr.	Millj. kr.
Samtals skuldabr. tengd erl. vísitölum í ísl. kr.	2.400

*Fjárfestingarstefna sjóðsins á árinu 2008
og rauntölur 31. desember 2008*

Innlendar eignir og fjárfestingar	F.f.stefna	Rauntölur
Eign í isl. kr.	55-80%	66,5%
Eign í erlendra mynt	20-45%	33,5%


Skipting fjárfestinga

Laust fé	0-6%	7,6%
Skuldabréf	50-75%	60,1%
Þar af innlend	40-70%	57,4%
Þar af erlend	0-10%	2,7%
Hlutabréf	25-50%	32,4%
Þar af innlend	5-25%	3,3%
Þar af erlend	20-45%	29,1%

Skipting innlendra skuldabréfa sem hlutfall af fjárfestingum

Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	15-40%	25,5%
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	0-10%	3,9%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	3-20%	5,1%
Skuldabréf með fasteignatryggingu	5-25%	16,2%
Skráð markaðsskuldabréf fyrirtækja	0-12%	6,7%

Þróun eignarsamsetningar 2002-2008



SÉREIGNARDEILD

Iðgjöld til séreignardeildar, án tillits til réttindaflutnings, hækkuðu um 2,5% milli ára og hrein eign jókst um 9,2%. Réttihöfum fjölgaði um 70 manns á árinu eða um 0,7%. Taflan sýnir samanburð milli ára.

	2008	2007	% breyting
Iðgjöld til séreignar, án réttindaflutnings	403	393	2,5%
Hrein eign séreignardeildar	3.517	3.222	9,2%
Fjöldi rétthafa	9.450	9.380	0,7%

Í séreignarsparnaði velur rétthafi hvaða fjárfestingarstefnu er beitt við ávöxtun fjármuna hans. Á árinu 2008 bauð Sameinaði lífeyrissjóðurinn upp á tvær meginleiðir, aldursleiðir og almennar leiðir.

Eftir fall viðskiptabankanna í október komu upp þær sérstöku aðstæður að loka varð tímabundið fyrir flutning eigna milli ávöxtunarleiða sjóðsins og til annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar. Þessi ráðstöfun sem stóð í rúman mánuð var talin nauðsynleg meðan verðmæti eigna í séreignarsparnaði var endurmetið í samráði við löggilta endurskoðendur. Í ljósi óvissunnar sem skapaðist í kjölfar fjármálahrunsins í október var jafnframt tekin sú ákvörðun að ráðstafa öllum nýjum iðgjöldum rétthafa á Innlánsleið, sem ávaxtar séreignarsparnað á verðtryggðum innlánsreikningum. Slíkir reikningar eru að fullu með ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar.

Aldursleiðir

Í aldursleiðum færast iðgjöld rétthafans inn á ákveðna leið eftir aldri við upphaf sparnaðar og síðan færast eignin á milli leiða eftir því sem rétthafinn eldist. Með hækkanði aldri rétthafans minnkar vægi hlutabréfa en vægi skuldabréfa eykst. Þegar rétthafinn er orðinn 65 ára fer öll eignin í innlend skuldabréf í Aldursleið 4. Ávöxtun aldursleiðanna var sem hér segir á árinu 2008:

	Ávöxtun 2008		Meðalraunávöxtun 5 sl. ár 2004-2008
	Nafnávöxtun	Raunávöxtun	
Aldursleið 1	-4,0%	-17,5%	1,5%
Aldursleið 2	-2,0%	-15,8%	2,0%
Aldursleið 3	-0,2%	-14,3%	1,7%
Aldursleið 4	0,8%	-13,4%	1,8%

Almennar leiðir

Sjóðurinn starfrækir einnig tvær almennar leiðir í séreignardeild, Leið 1 og Leið 2. Ávöxtun leiðanna var sem hér segir á árinu 2008:

	Ávöxtun 2008		Meðalraunávöxtun 5 sl. ár 2004–2008
	Nafnávöxtun	Raunávöxtun	
Leið 1	-5,0%	-18,3%	1,3%
Leið 2	1,0%	-13,2%	1,8%

Fjárfestingarstefna Leiðar 1 byggist á því að blanda saman innlendum og erlendum hlutabréfum og innlendum skuldabréfum. Í Leið 2 er eingöngu fjárfest í innlendum skuldabréfum.

Alls voru eignir rétthafa í aldursleiðum og almennum leiðum sjóðsins 3.517 millj. kr. þann 31. desember 2008.

Hlutabréfaleiðir hjá Virðingu

Til þess að geta boðið upp á 100% fjárfestingu í hlutabréfum, innlendum sem erlendum, hefur sjóðurinn verið í samstarfi við Virðingu, löggilt verðbréfafyrirtæki, og þrjú erlend verðbréfasjóðafyrirtæki. Þar er um að ræða Vanguard sem býður visitölsjóði, Janus þar sem fjárfest er í vaxtasjóðum og Franklin Templeton þar sem boðið er upp á virðissjóð. Ávöxtun leiða hjá Virðingu/erlendu sjóðunum var sem hér segir:

		Ávöxtun 2008		Meðalraun- ávöxtun 5 sl. ár 2004–2008
		Nafn- ávöxtun	Raun- ávöxtun	
Leið 3	Alþjóðlegur visitölsjóður hlutabr.	14,6%	-1,6%	2,4%
Leið 4	Evrópskur visitölsjóður hlutabr.	3,6%	-10,9%	4,7%
Leið 5	Bandarískur visitölsjóður hlutabr.	19,1%	2,3%	-0,1%
Leið 6	Alþjóðlegur vaxtasjóður hlutabr.	7,2%	-7,9%	4,0%
Leið 7	Tæknisjóður	9,9%	-5,5%	-0,9%
Leið 8	Heilsu- og líftæknisjóður	34,2%	15,4%	3,7%
Leið 9	Innlend hlutabréf	-58,1%	-64,0%	-2,6%
Leið 10	Alþjóðlegur virðissjóður hlutabr.	6,9%	-8,1%	3,5%
Samtals eignir rétthafa í Leiðum 3–10, 31.12. 2008		592 milljónir kr.		

Vegna breytinga með lögum nr. 171/2008 á fjárfestingarheimildum í séreignarsparnaði verða ávöxtunarleiðir 3–10 lagðar niður í núverandi mynd frá 1. janúar 2010 og eignir í þeim fluttar á aðrar ávöxtunarleiðir séreignarsparnaðar hjá sjóðnum, að vali rétthafa.

LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA ÁRIÐ 2008

Töluverð aukning var í fjölda sjóðfélagalána milli ára og meðalupphæð lána hækkaði umtalsvert. Meðfylgjandi tafla sýnir samanburð sjóðfélagalána 2007 og 2008.

Afgreidd lán	2008	2007	% breyting
Meðalfjárhæð í millj. kr	6,2	4,9	26%
Fjöldi lána	336	290	16%
Heildarútlán á árinu í millj. kr.	2.068	1.414	46%

Vanskil sjóðfélagalána jukust úr 0,1% frá fyrra ári í 0,3% af heildarútlánum á árinu 2008. Eftir fall viðskiptabankanna í október 2008 hafa sjóðfélögum sem eru í greiðsluferðileikum með lán sín hjá sjóðnum boðist ýmis úrræði. Meðal almennra úrræða eru lenging lánstíma í allt að 40 ár og breyting úr jöfnum afborgunum í jafnar greiðslur. Þá eiga lántakendur einnig kost á frestun greiðslna í 6–12 mánuði (frysting) að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og með nýjum lögum um greiðslujöfnun er mögulegt að létta greiðslubyrði tímabundið.

Lánsupphæð, lánstími og lánakjör

Ekkert hámark er á lánsfjárhæð sem er innan 65% veðmarka. Lágmarkslán er 400.000 kr. og lánstími 5–40 ár. Lánin eru verðtryggð m.v. visitölu neysluverðs og endurgreiðast með minnst fjórum gjalddögum á ári. Lánin eru eingöngu veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði. Lánsrétt hafa virkir sjóðfélagar, rétthafar séreignardeildar og lífeyrisþegar.

Lántökugjald er 1% og heimilt er að greiða sjóðfélagalán hvenær sem er á lánstímanum án uppgreiðslugjalds.

Tveir lánaflokkar voru í boði á árinu 2008

• Fastir verðtryggðir vextir, 5,2%

Lán eingöngu veitt gegn 1. veðrétti. Uppfylli greiðandi ekki lengur skilyrði um lán á föstum vöxtum verða vextirnir breytilegir og hinir sömu og á almennum sjóðfélagalánum.

• Almenn sjóðfélagalán með breytilegum vöxtum, 5,3%

Lántaki á val um lán með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum (annuitet).

Vextir sjóðfélagalána eru endurskoðaðir af stjórn sjóðsins a.m.k. fjórum sinnum á ári.



Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Eftir ársfund sjóðsins 14. maí 2008 skipuðu eftirtaldir stjórn hans:

Valdir fulltrúar stéttarféлага á ársfundi:

Georg Páll Skúlason
Hilmar Harðarson
Þorbjörn Guðmundsson, formaður

Til vara:

Hákon Hákonarson
Kristján Örn Jónsson
Magnús Magnússon

Skoðunarmaður:

Ólafur Axelsson

Til vara:

Hörður Runólfsson

Skipaðir af framkvæmdastjórn

Samtaka atvinnulífsins:
Auður Hallgrímsdóttir
Haraldur Þór Ólason, varaformaður
Sveinbjörn Hjálmarsson

Til vara:

Guðmundur E. Hallsteinsson
Hanna Þórunn Skúladóttir
Ingólfur Sverrisson

Skoðunarmaður:

Guðmundur Ásgeirsson

Til vara:

Aðalsteinn Aðalsteinsson

Löggiltur endurskoðandi:

Sigurður Ámundason

Innri endurskoðandi:

Theodór Sigurbergsson

Tryggingastærðfræðingur:

Bjarni Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Kristján Örn Sigurðsson

Starfsfólk Sameinaða lífeyrissjóðsins

Árni Vignir Pálmason
tölvunarfræðingur

Bergljót Stefánsdóttir
skráning iðgjalda og bakvinnsla

Birna Vilhjálmisdóttir
lífeyrismál, gjaldkeri

Björk Ingvarsdóttir
verðbréf

Elín Helena Guðmundsdóttir
skráning iðgjalda, lífeyrismál

Guðrún Valgeirsdóttir
bókhald

Hrefna Sigurðardóttir
bókhald

Kristján Örn Sigurðsson
framkvæmdastjóri

Ólafur Haukur Jónsson
forstöðumaður rekstrarsviðs

Óskar Magnússon
verðbréf og séreign

Páll R. Magnússon
innheimta iðgjalda

Sigríður H. Einarsdóttir
almenn móttaka, simvarsla

Sigríður Hrunn Guðmundsdóttir
forstöðumaður eignasviðs

Sigríður Snorradóttir
gjaldkeri

Sigrún Gröndal
matur og ræsting

Sigprúður Jónasdóttir
lífeyrismál

Svanheiður Ingimundardóttir
innheimta iðgjalda og séreign

Trúnaðarlæknir:
Guðjón Baldursson

ÁRSREIKNINGUR 2008



Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er í aðalatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar sjóðsins námu alls 2.604 millj. kr. sem er 17,2% hækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 4.610.

Á árinu greiddu 12.213 sjóðfélagar til tryggingadeildar sjóðsins á móti 12.077 árið áður sem er 1,1% fjölgun milli ára. Iðgjöld deildarinnar námu alls 5.520 millj. kr. sem er 12,0% aukning frá árinu áður.

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í verðbréfum fyrir 43.620 millj. kr. á árinu 2008 og vísast til ársreiknings um skiptingu fjárfestingarinnar. Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var neikvæð um 9,8% og raunávöxtun neikvæð um 22,5%.

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 90.474 millj. kr. í lok árs og lækkaði um 6.098 millj. kr. frá árinu 2007 eða um 6,3%.

Sjóðurinn var í töluverðum viðskiptum við bankana og fjárfesti m.a. í hlutabréfum og skuldabréfum sem bankarnir höfðu gefið út. Þá hafði sjóðurinn gert afleiðusamninga við bankana, bæði gjaldmiðla, valréttar- og vaxtaskiptasamninga. Við fall bankanna urðu hlutabréf og vikjandi skuldabréf þeirra verðlaus og mikil óvissa er enn um verðmæti þeirra skuldabréfa sem þeir gáfu út og eru í eigu sjóðsins. Þá er óvissa um hvort og hvernig gera á upp afleiðusamninga við bankana. Neikvæð staða er á flestum þessara samninga og hefur sjóðurinn gert bönkunum tilboð um að samningarnir verði gerðir upp á gengi sem miðast við gengisvísitölu 175 í tengslum við uppgjör á kröfum sem hann á á bankana. Nettóstaða samninganna samkvæmt ársreikningi sjóðsins er skuld upp á 2.830 millj. króna.

Tryggingafræðileg úttek í lok árs sýnir að eign tryggingadeildar til tryggingafræðilegs mats er 174.006 millj. kr. Heildarskuldbinding er 200.074 millj. kr. og er því skuldbinding umfram eignir 26.068 millj. kr. eða 13,0%.

Í tryggingafræðilegri úttekt fyrir árið 2008 er ekki tekið tillit til framlags ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Ef tekið væri tillit til framlagsins væri heildarskuldbinding sjóðsins neikvæð um 12,4%.

Launagreiðslur til starfsmanna, stjórnar og kjörinna skoðunarmanna námu 107,2 millj. kr. á árinu. Stöðugildi voru 16 í lok árs.

Reykjavík, 4. mars 2009

Stjórn:

Auður Hallgrímsdóttir
Georg Páll Skúlason
Haraldur Þór Ólason
Hilmar Harðarson
Sveinbjörn Hjálmarsson
Þorbjörn Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Kristján Örn Sigurðsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Sameinaða lífeyrissjóðsins.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sameinaða lífeyrissjóðsins fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar 1-24, kennitölur og deildaskipt yfirlit.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Í samræmi við lög um ársreikninga eru stjórnendur ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins. Þeim ber að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér öflun endurskoðunargagna er varða fjárhæðir og skýringar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðferða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðferðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, efnahag þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringum 21 og 22 með ársreikningnum þar sem greint er frá framsetningu og mati skulda tengdum framvirkum gjaldmiðlasamningum. Óvíska er um hver endanleg niðurstaða verður við uppgjör samninganna.

Reykjavík, 4. mars 2009
Grant Thornton endurskoðun ehf.

Sigurður Ámundason
löggiltur endurskoðandi

Guðmundur Ásgeirsson
kjörinn skoðunarmaður

Ólafur Axelsson
kjörinn skoðunarmaður

Áritun tryggingastærðfræðings

Ég hef metið lífeyrisskuldbindingar Sameinaða lífeyrissjóðsins í árslok 2008. Matið er framkvæmt í samræmi við viðurkenndar reglur um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglugerð nr. 391/1998 og með hliðsjón af leiðbeinandi reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum.

Teljast skuldbindingar tryggingadeildar 20,3% umfram eignir og 13,0% umfram eignir þegar tekið er tillit til verðmætis framtíðariðgjalda þeirra sjóðfélaga sem greiddu til sjóðsins á árinu 2008 og skuldbindinga sem ætlað er að af þeim muni stofnast. Sú mikla breyting sem verður á mati á stöðu sjóðsins frá fyrra ári orsakast af lækkun eigna sem varð í hruninu á fjármálamörkuðum á liðnu ári og mikilli hækkun skuldbindinga vegna verðbólgu.

Ákvæði I, 129/1997 gera ráð fyrir að lífeyrissjóðum sé skylt að grípa til aðgerða þegar halli eða eignir umfram skuldbindingar sem hlutfall heildarskuldbindinga reiknast 5%, eða meira fimm ár í röð, eða 10% í eitt sinn. Bráðabirgðaákvæði gildir vegna stöðumats við lok árs 2008, þar sem vikið eru færð í 15% miðað við eitt sinn, og 10% vegna stöðu fimm ára. Samkvæmt lögum er Sameinaða lífeyrissjóðnum því ekki skylt að grípa til aðgerða vegna tryggingafræðilegrar stöðu í lok árs 2008.

Samþykktir sjóðsins kveða þó á um að frávik milli eigna og skuldbindinga skuli ekki vera umfram 10% og hefur stjórn sjóðsins í samvinnu við tryggingastærðfræðing gert tillögur til breytinga á réttindum og réttindaöflun sem lagðar verða fyrir ársfund. Miða tillögurnar að því að staða sjóðsins verði innan þeirra marka sem samþykktir áskilja.

Reykjavík, 24. febrúar 2009

Bjarni Guðmundsson
tryggingastærðfræðingur

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2008

	Skýr.	2008	2007
IÐGJÖLD			
Iðgjöld sjóðfélaga	6,11	2.053.804	1.862.117
Iðgjöld launagreiðenda	6,11	3.872.378	3.464.566
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	11	(78)	(189.461)
Iðgjöld		<u>5.926.104</u>	<u>5.137.222</u>
LÍFEYRIR			
Lífeyrir	12	2.800.120	2.388.939
Umsjónarnefnd eftirlauna		(8.776)	(8.533)
Ríkissjóður vegna jöfnunar örorku		(85.530)	(59.930)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	16	4.191	3.275
Lífeyrir		<u>2.710.006</u>	<u>2.323.751</u>
FJÁRFESTINGARTEKJUR	8,14		
Tekjur af eignarhlutum	7	(9.376.642)	989.033
Tekjur af húseignum og lóðum		10.207	5.842
Vaxtatekjur og gengismunur	8,14	8.722.904	4.631.142
Breytingar á niðurfærslu	15	(8.432.496)	(2.629)
Fjárfestingartekjur		<u>(9.076.026)</u>	<u>5.623.389</u>
FJÁRFESTINGARGJÖLD	10,16		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		118.911	118.781
Fjárfestingargjöld		<u>118.911</u>	<u>118.781</u>
REKSTRARKOSTNAÐUR	16		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		119.445	118.565
Rekstrarkostnaður		<u>119.445</u>	<u>118.565</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		(6.098.284)	8.199.513
Hrein eign frá fyrra ári		<u>96.572.517</u>	<u>88.373.003</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>90.474.233</u>	<u>96.572.517</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
EIGNIR			
FJÁRFESTINGAR			
Húseignir og lóðir	2,17	<u>140.946</u>	<u>144.412</u>
		140.946	144.412
Verðbréf með breytilegum tekjum	3,18	30.572.930	44.106.028
Verðbréf með föstum tekjum	3,18	40.034.521	39.447.837
